

Tímabilið 1970 – 1985

flugvelli. Lengi vel fór Sjónvarpið í frið
í júlí og á fimmtudögum.

In 1966 RUV national TV went on the air. Before that time many Reykjavík people had watched American TV from the US air base at Keflavík. For many years, RUV TV did not broadcast on Thursdays, and closed down for the month of July.



Einkennandi fyrir tímabilið 1970—1985: Neysla og andóf gegn kapitalískri neysluhyggju, innfluttur varningur.

1.

- Skoðið sjónvarpstækið vel. Skrifið niður allt sem ykkur dettur í hug varðandi það og berið saman við nútíma sjónvarpstæki (flatskjá).
- Hvaða hluti hér á tímabilinu 1970-1985 mynduð þið flokka sem nauðsynjavörur? Nefnið nokkur dæmi.
- Berið saman vörurnar á þessu tímabili og tímabilinu 1900-1913.

2.

Veltið fyrir ykkur eftirfarandi atriðum:

- HRÁEFNISÖFLUN** Úr hvaða hráefnum er sjónvarpið?
- FRAMLEIÐSLA** Ætli séu notuð mikið af efnum við framleiðsluna sem hafa skaðleg áhrif á umhverfið?
- FLUTNINGUR** Hvar ætli það sé framleitt? Hlutir eru oft framleiddir í mismunandi löndum. Hversu langt ætli ferðalagið sé til Íslands í heildina?
- NOTKUN** Hver ætli líftími sjónvarpstækisins sé?
- ÚRGANGUR/FÖRGUN** Er sjónvarpið hæft til endurnýtingar?

3.

Berið saman mannfjölda og verðlag við tímabilið 1900—1913.


VERÐLAG / PRICES

Tölurnar sýna hve langan tíma það tekur launamann á lágmarksdagvinnukaupi að vinna fyrir 1 kg af matvörunum sem hér eru sýndar.

The figures indicate how long a worker on minimum daytime wages would have to work to buy 1 kg of the commodities shown.

81.693

MANNFJÖLDI ÁRIÐ 1970



4. Kynnið niðurstöður ykkar fyrir bekknum.